

Vatns- og fráveitufélagið

Stjórnarfundur

Miðvikudaginn 16. nóvember 2022

Kl. 15:45 – 16:30

Mætt: Hlöðver, Sigrún, Sigurður Grétar, Hrund og Baldur sem ritaði fundargerð

Dagskrá:

1. Fræðslufundur í desember

Fyrir liggur hugmynd að efni fundarins en það er "brunavatn" í víðu samhengi.

Frá sjónarhóli SHS um þéttleika, magn, áhættumat, reynslu o.s.frv.

Frá sjónarhóli veitufyrirtækja, vatnspörf, álagspörf, þrýstingur, geta til að bæta í þegar þannig atburðir koma upp.

Veitukerfi og hönnunarforsendur bygginga. Hverju er mætt í byggingunum sjálfum, hverju er mætt í hönnun bygginga, brunahólfun, slökkvikerfum, aðgengi að vatni til brunakerfa o.s.frv.

Svo mætti líka hugsa þetta út frá skipulagsmálum og hvernig brunavörnum er tryggt nauðsynlegt pláss, aðgengi slökkvibíla, körfubíla, svigrúm brunahana o.s.frv. Hverjar eru hönnunarforsendur aðal- og deiliskipulags?

Baldur sagði að einmitt þetta mál hefði verið rætt á fundi Vatnsveitufagráðs Samorku á síðasta fundi og þá m.a. út frá nýlegum dæmum hér að lútandi sem og umfjöllun í Vannspeilet hjá Norsk Vann.

Raunveruleg dæmi sem mætti horfa til:

Bruni í Garðabæ/Hafnarfirði – Geymslur (þar reyndi á samvinnu milli vatnsveitusvæða)

Bruni á Egilsstöðum (nýlegur)

Einnig nefndar lagalegar forsendur gagnvart vatnssveitum sveitarfélaga og þar með hverjar eru skyldur þeirra versus skyldum hönnuða og byggingaraðila.

Baldur hefur samband við Birgi Finnsson aðstoðarslökkviliðsstjóra hjá SHS.

Baldur kannar með fyrirlesara úr röðum Vatnsveitufagráðs með reynslusögur.

2. Vefsíðu – þarf að koma í ferli

Fyrir liggur að aðstoð HÍ við rekstur heimasíðu Vafri er á enda og nauðsynlegt að flytja efni síðunar á nýja vefsíðu. Kanna þarf hvernig best er að standa að því. Finna þarf hýsingaraðila og þar m.a. nefnt www.1984 sem býður upp á hýsingu fyrir síður á WordPress grunnum sem við höldum að eigi við um síðu VAFRÍ.

Velja þarf nýtt nafn á vefinn þar sem www.varfi.is er í notkun.

Nokkur dæmi voru nefnd um möguleg vefsetursnöfn:

- Vatns- og fráveitufélag Íslands = VAFRÍ
- www.vafri.is
- www.vafri.com ? www.vafri.org ?
- VATN OG FRÁ www.vatnogfra.is (er laust)
- VATNS OG FRÁVEITU (félag Íslands) www.vatnsogfraveitu.is (er laust)
- VATNS OG FRÁVEITUFÉLAG www.vatnsogfraveitufelag.is (er laust)
- Vatns- og fráveitufélag Íslands www.vatnsogfraveitufelagislands.is (er laust)
- Vatns- og fráveitufélag Íslands www.voffi.is (virðist vera frátekið)
- Vatns- og fráveitufélag Íslands www.vafri.is (er laust)

Stjórnarfolk mun kasta hugmyndum á milli sín í tölvupóstum.

3. Önnur mál

Í tilefni fráveitudagsins:

Sagt frá sögugöngu Veitna þar sem segja á frá upphafi fráveitu í Reykjavík.

Piss, kúkur og klósettpappír verður keyrð í gang að þessu tilefni.

Sagt frá því að Samorku hefur borist beiðini um að halda ráðstefnu með EWA um „Water Managment in Cold Climate“ WMCC árið 2023 eða 2024.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:26

Fundargerð ritaði Baldur